



Ytra mat

Leikskólinn Undraland

Úttekt þessi er unnin á vegum Menntamálastofnunar –
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Höfundar: Guðrún Samúelsdóttir og Inga Dóra Jónsdóttir
© Menntamálastofnun, 2022
ISBN 978-9979-0-2757-7

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Leikskólinn	9
Húsnæði og útileiksvæði	9
Starfsmenn.	10
Hugmyndafræði og áherslur	10
Stjórnun	12
Stjórnskipulag og skipurit.	12
Námskrá og áætlanir	12
Stjórnun og starfsmenn	12
Fagleg forysta	13
Starfsandi og starfsánægja	13
Uppeldis- og menntastarf	15
Námsaðstæður	15
Starfshættir	15
Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	16
Námssvið.	16
Velferð og líðan barna.	17
Mat á námi og velferð barna	17
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	19
Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun	19
Viðhorf foreldra	19
Samstarf við grunnskóla	20
Annað samstarf	20
Skóli án aðgreiningar	21
Skólaþjónusta og sérkennsla	21
Innra mat	23
Skipulag og viðfangsefni	23
Gagnaöflun og vinnubrögð	23
Opinber birting og umbætur	23
Samantekt matsþátta.	24
Samantekt.	25
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt niðurstaðna

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem þar eru settar fram en eru ekki nefnd hér.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn Undraland er nýlegur sex deilda leikskóli. Húsnæðið er rúmgott og vinnuaðstaða starfsfólks og barna er góð. Húsnæðið uppfyllir vel kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum. Útileiksvæði leikskólans er fallett og litríkt en mætti vera skjólbetra og stærra miðað við fjölda barna í leikskólanum ásamt því að þar mættu vera fleiri ögrandi leiktæki, einkum fyrir yngri börnin. Umhverfi leikskólans býður upp á mikil tækifæri til leikja og náms. Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorðin leikur, umhyggja, öryggi en meirihluti starfsfólks þekkti þau ekki.

Stjórnun – Skólabragur og samskipti

Leikskólastjóri hefur stýrt leikskólanum síðastliðin fimm ár og aðstoðarleikskólustjóri hefur sinnt því starfi í 23 ár. Stjórnendur hafa ekki gert með sér skriflega verkaskiptingu eða kynnt fyrir starfsfólki með hvaða hætti sú skipting er. Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann sem fundar vikulega. Skólanámskrá leikskólans kom út 2016 og er komið að endurskoðun á henni í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Við endurskoðun á skólanámskrá og við gerð starfsáætlunar þarf að tryggja aðkomu allra í leikskólasamfélaginu. Á heimasíðu leikskólans er ekki að finna skólanámskrá eða starfsáætlun. Mikil ánægja er með stjórnun leikskólans. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi er sett upp fyrir starfsárið en formlegar fundargerðir eru ekki skráðar né aðgengilegar starfsfólki. Deildarstjórar skipuleggja undirbúningstíma deildarinnar og allt starfsfólk fær undirbúningstíma og falla þeir sjaldan niður. Gerð hefur verið handbók fyrir starfsfólk sem er aðgengileg. Í starfsmannahandbók er meðal annars að finna móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk en að sögn starfsmanna þarf að skerpa á verklagsreglum varðandi þann þátt. Starfsandi og skólabragur er góður og er starfshópurinn sterk heild þar sem traust, virðing og sam hjálp ríkir. Foreldrar upplifa jákvæðan anda, gleði, léttleika og jákvætt viðmót í leikskólanum.

Uppeldis- og menntastarf – Velferð og líðan barna – Mat á námi og velferð barna

Andrúmsloft í leikskólanum er afslappað og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Börnin eru glöð, þeim líður vel. Umhyggja og uppbygging einkenna samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar. Húsnæði býður upp á að skipta börnunum í minni hópa. Gætt er jafnvægis á milli borð- og gólfleikja. Áherslur leikskólans í uppeldis- og menntastarfi eru *Leikur að læra*, *Lubbi finnur málbein*, *Vináttuverkefnið Blær* og *Könnunarleikur*. Dagskipulag einkennist af hópastarfi, vali og útivist. Deildarstjórar skipuleggja störf starfsfólks. Í skólanámskrá er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námssviðum aðalnámskrár. Lýðræðisleg þátttaka barna er helst í vali en þar geta þau valið um svæði með verkefnum sem starfsfólk hefur ákveðið eða þau fá að velja sér verkefni sjálf. Hópastarf einkennist af stundum sem skipulagðar eru af hópstjórum. Unnið er skipulega að mati á námi og framförum barnanna með viðurkenndum matslistum og listum sem starfsfólk hefur tekið saman. Tækifæri til umbóta í uppeldis- og menntastarfi liggja í að auka lýðræðislega þátttöku barna og áhrif þeirra á viðfangsefni og skipulag stunda. Einnig má huga að því að marka stefnu um námsgögn og bæta aðgengi barna að þeim.

Foreldrasamvinna¹ og ytri tengsl

Viðhorf foreldra til leikskólans er mjög gott. Þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um starfsfólk og telja að starfsandi sé góður. Fram kemur í viðtölum við foreldra að þeir eigi góð samskipti við starfsfólk og

1 Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

viðhorf starfsfólks til barnanna einkennist af virðingu og þolinmæði. Þeir telja einnig að börnunum líði vel í leikskólanum. Til er foreldrahandbók sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu barnsins og er hún á heimasíðu leikskólans. Foreldrahandbókin er einnig til á ensku. Foreldrafélag er sameiginlegt fyrir báða leikskólana í Hveragerði. Það er virkt og stendur fyrir ýmsum viðburðum yfir árið. Foreldráð er skipað þremur fulltrúum foreldra en það hefur ekki hist og því ekki sett sér verklagsreglur og fundargerðir ráðsins eru ekki skráðar. Að hausti er gerð áætlum um samstarf leikskólans og Grunnskóla Hveragerðis.

Skóli án aðgreiningar

Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann og heldur hann vel utan um sérkennslumál leikskólans. Til er myndaspjald sem sýnir verkferla um sérkennslu leikskólans. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og teymi skipað í kringum þau. Lögð er áhersla á að stuðningur fari að mestu fram í daglegu starfi og leik. Allt starfsfólk er upplýst um þroskafrávik barna og vel er staðið að fræðslu til starfsmanna. Leikskólinn er vel búinn þjálfunargögnum en þar sem ekki er gert ráð fyrir nema einu herbergi til sérkennslu þarf daglega að skipuleggja nýtingu á því. Talmeinafræðingur sem starfar hjá sveitafélaginu starfar þriðja hvern mánuð í leikskólanum. Leikskólinn nýtur þjónustu frá Skólaþjónustu Árneshlíða en þar starfa kennsluráðgjafi, félagsráðgjafi og sálfræðingar bæði í föstum stöðum og í verktöku. Reglulega funda kennsluráðgjafi, leikskólastjóri og sérkennslustjóri um málefni sérkennslu í leikskólanum. Við móttöku og aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Túlkaþjónusta er nýtt í samskiptum við foreldra þegar þörf krefur.

Innra mat

Matslistar eru notaðir til að meta framfarir barnanna. Í starfsáætlun er að finna þriggja ára matsáætlun en ekki er að finna matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum leikskólans út frá tilgreindum viðmiðum. Þá er hvorki um tímasetningu á matinu að ræða né ábyrgðaraðila eða með hvaða hætti gagna er aflað. Þá þarf að tryggja að allir innan leikskólasamfélagsins komi að matinu, starfsfólk, foreldrar og börn. Greinargerð um innra mat og umbótaáætlun á að birta á heimasíðu skólans og í starfsáætlun leikskólans

Inngangur

Í þessari matskýrslu er fjallað um ytra mat á leikskólanum Undralandi Hveragerði. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Guðrúnu Samúelsdóttur og Ingu Dóru Jónsdóttur og fór fram á vettvangi 25.–28. apríl 2022. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir eftirfarandi matsþættir: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, skólabragur og samskipti, foreldrasamstarf og ytri tengsl, skólaþjónusta og sérkennsla og innra mat.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008:

1. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
2. að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.
3. að auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
4. að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun leikskóla, styðja við leikskólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera leikskólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og barnamálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Við matið eru notuð viðmið um gæðastarf á leikskólum, sem unnin hafa verið upp úr viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs Reykjavíkurborgar. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla og eru áherslur Kennarasambands Íslands hafðar til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og viðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gætu ljósi á leikskólastarfið, ýmist á prentuðu máli eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 17. mars á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsfólk og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsaðilar dvöldu fjóra daga á vettvangi og gerðu vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Tekin voru rýnivíðtöl við deildarstjóra, starfsfólk, foreldra, börn og starfsfólk í sérkennslu. Einstaklingsviðtal var tekið við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólustjóra, sérkennslustjóra og haft var samband við staðgengil bæjarstjóra. Þátttakendur í rýnihópum voru valdir með slembiúrtaki.

Matsaðilar fylgdust með uppeldi, kennslu- og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna í leikskólanum. Matsaðilar fylltu út gátlista fyrir vettvangsathugun á deild og gáfu einkunn fyrir vísbendingar um gæðastarf sem myndar grunn að heildarmati og gefur mynd af leikskólastarfi á þeim meginþáttum sem viðmiðin ná til.³ Matsaðilar fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrir fram að lokinni leikskólaheimsókn, unnu saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Skýrslan var send leikskólustjóra og staðgengli bæjarstjóra til yfirlestrar.

2 Skólanámskrá og starfsáætlun og greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, dagskipulag, símenntunaráætlun, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta-menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

3 Sjá nánar á bls 28.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa góðar vísbendingar um það starf sem fram fer í leikskólanum.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskólinn

Leikskólinn Undraland er sex deilda leikskóli í Hveragerði. Leikskólinn var upphaflega opnaður við Breiðumörk í september 1982 og var í fyrstu tveggja deilda leikskóli en 1997 bættist þriðja deildin við. Í nóvember 2017 flutti leikskólinn í 1100 fm nýbyggt húsnæði við Þelamörk og við bættust þrjár deildir. Í leikskólanum eru 111 börn á aldrinum eins til sex ára, 55 stúlkur og 56 drengi. Börn með skilgreinda sérkennslu eru 17 og börn sem eiga annað móðurmál en íslensku eru 14.

Deildir leikskólans eru:

Nafn deildar: Fæðingarár barna:

Snæfell	2020
Laki	2019
Eldgjá	2019
Askja	2018
Krafla	2017
Hengill	2016

Húsnæði og útileiksvæði

Leikskólinn er á einni hæð. Í hvorum enda hússins eru þrjár deildir, yngri börnin eru í austurálmum og eldri börnin í vesturálmum. Hver deild hefur yfir að ráða þremur stofum og hreinlætisaðstöðu, utan einnar deildar sem hefur fjórar stofur. Timburpallar eru utan við allar deildir og er útgengt frá leikstofum. Gengið er inn á deildarnar úr fataklefa sem er sameiginlegur fyrir álmuna en er skipt með skilrúmum fyrir hverja deild. Í báðum álmum er vatnsdrykkjarbrunnur í fataklefa og þurrkshólfur fyrir hverja deild. Inngangur í hvora álmum fyrir sig er frá útileiksvæði skólans, í gegn um litla forstofu þar sem er salerni fyrir börnin til að nota í útiveru. Í austurálmum er salerni ætlað fötluðum. Í fataklefa er einnig salerni fyrir starfsmenn, ræstiklefi, leikfangageymsla og þurrkherbergi. Að sögn starfsmanna hafa þurrkherbergin aldrei virkað sem skyldi og því endað með annað hlutverk en ætlað var. Í hvorri álmum er aðstaða fyrir útifatnað starfsmanna. Álmurnar tengjast með kjarnabyggingu þar sem eru skrifstofur leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra ásamt rúmgóðu vinnuherbergi starfsmanna og kaffistofu. Tvær stofur eru ætlaðar til listsköpunar ásamt fjölnota sal þar sem er geymsla fyrir námsgögn og salerni fyrir börnin. Í kjarnabyggingunni eru einnig viðtals- og sérkennslustofa, rúmgott eldhús, þvottahús auk salerna. Þá er þar fataherbergi starfsfólks, þar sem eru læst munahólf fyrir hvern og einn ásamt salerni. Á ganginum er bókasafn leikskólans og hillur fyrir námsgögn. Sér inngangur er frá bílastæði í kjarnabygginguna. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram ánægja með rúmgott húsnæði og vinnuaðstöðu starfsfólks en ýmislegt mætti laga svo sem fatahólf barnanna, þurrkherbergi, vatnsbrunnna sem ekki virka og þá er ólykt að finna í sumum rýmum skólans. Einnig kom fram að of lítið sé um opnanlega glugga og að fataherbergi starfsfólks sé of lítið fyrir þann fjölda sem í leikskólanum starfar. Í eldhúsi leikskólans er eldað fyrir báða leikskóla Hveragerðis. Í rýnivíðtölum við foreldra og starfsmenn kom fram að maturinn sé of einhæfur, æskilegt væri að hafa meira samráð við gerð matseðla og að auka mætti grænmeti og minnka kolvetnisríkt fæði í leikskólanum.

Húsnæðið uppfyllir kröfur sem gerðar eru varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 með síðari breytingum.

Útileiksvæði Undralands liggur meðfram annarri langhlið skólans og fyrir báða gafla hússins. Leiksvæðið er alveg flatt utan tilbúins hól í miðju svæðisins. Afgirt leiksvæði er fyrir yngri börnin og eru þar

leiktæki við þeirra hæfi. Mikið er af fjölbreyttum leiktækjum og er svæðið litríkt, malbik lóðarinnar er skreytt með lituðum flötum með listatengdar tilvísanir samkvæmt því sem segir á heimasíðu skólans. Töluverður trjágróður er á svæðinu en trén eru enn lítil og ekki farin að mynda skjól. Að mati matsaðila er leiksvæðið frekar lítið miðað við þann fjölda barna sem það er ætlað fyrir og ekki nógu skjólgott. Geymsluhús fyrir útileikföng eru á báðum svæðum. Afgirt svæði til ræktunar matjurta er við vesturgafli leikskólans. Þá er þriðja geymsluhúsið utan girðingar götumegin. Að framanverðu við húsið er opið skýli fyrir hjól og vagna. Utan leikskólalóðar eru miklir möguleikar til vettvangsferða og útináms. Í rýnihópi kennara og starfsfólks kom fram að bæta megi leikskólalóðina með þarfir barnanna í huga. Lóðin sé flöt og full af leiktækjum og of mikill gróður þar á kostnað leiksvæðis. Auk þess sem þar sé vinda-samt og að skjól vanti en þessi athugasemd kom einnig fram í rýnihópi foreldra. Svæðið sem ætlað er yngri börnunum sé of lítið og fábreytt og meiri áskoranir vanti í leiktækjum fyrir yngri börnin. Telja viðmælendur að hækka þurfi grindverk á milli leiksvæða eða fjarlægja leikfangakassa við girðingu til að börnin klifri ekki yfir hana. Gangbrautir við þelamörkina vanti til að tryggja umferðaröryggi við leikskólann. Þá bentu foreldrar á að bæta þurfi lóðina og hafa meira um náttúrulegan efnivið í útiverunni.

Starfsmenn

Starfsfólk leikskólans er samtals 50 í 34,9 stöðugildum, 49 konur og einn karlmaður. Þrír stjórnendur eru í leikskólanum leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Auk stjórnenda starfa sex deildarstjórar. Leikskólastjóri hefur starfað við skólann í fimm ár. Hann er í 100% stöðu og er með BED-gráðu í leikskólakennarafræðum og leyfisbréf kennara. Aðstoðarleikskólastjóri í 62% starfshlutfalli er með leyfisbréf kennara og með viðbótarnám í sérkennslu, hefur starfað sem aðstoðarleikskólastjóri í 23 ár. Sérkennslustjóri er þroskaþjálfari í 100% stöðuhlutfalli. Fimm deildarstjórar eru með leyfisbréf kennara og einn er leikskólaliði sem er að ljúka öðru ári í leikskólakennarafræðum. Tveir kennarar eru með leyfisbréf annar með diplóma í sérkennslu og hinn sérkennaranám og starfa annars vegar í 50% starfshlutfalli við sérkennslu og hins vegar 50% á deild. Tveir þroskaþjálfar starfa í leikskólanum og er annar í leyfi. Sjö leikskólaliðar starfa í Undralandi, af þeim eru tveir í leyfi. Leiðbeinendur án háskólamenntunar eru 34 og starfsfólk í eldhúsi eru fjórir í 3,25 stöðugildum.

Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla um að lágmarki $\frac{2}{3}$ hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda kennara.

Hugmyndafræði og áherslur

Í Undralandi er unnið samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og eiga námssviðin að falla inn í alla starfsemi leikskólans. Þá er hugmyndafræði John Dewey lögð til grundvallar starfinu og fram kemur í starfsáætlun Undralands að markmið leikskólans eru eftirfarandi:

Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.

Að barnið læri að bera umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum manneskjum, dýrum og náttúrunni.

Að börnin finni öryggi, stöðugleika og traust í öllum samskiptum.⁴

Helstu áherslur leikskólans eru: Leikskólinn er LAL leikskóli sem þýðir að þar er notast við kennsluaðferðir *Leikur að læra*. Þá er unnið með máhljóð Lubba, þar sem unnið er með íslensku máhljóðin á markvissan hátt. *Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær*, en þar er unnið að því að efla félags- og tilfinningafærni barnanna. Boðið er upp á Könnunarleik fyrir yngstu börnin sem er ákveðin aðferð við leik sem byggist á rannsóknarþörf barna.

Einkunnarorð leikskólans eru öryggi – leikur – umhyggja. Einkunnarorðin birtast í gögnum leikskólans og við innganga. Í rýnivíðtölum við starfsfólk og foreldra gátu þátttakendur ekki nefnt einkunnarorðin en langflestir þekktu stefnu og áherslur leikskólans og þá sérstaklega LAL og hvernig sú kennsluaðferð birtist í starfinu. Þá nefndu foreldrar að stefna leikskólans mætti vera skýrari.

4 Starfsáætlun Undralands 2021-2022.

Styrkleikar

- Húsnæði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnæðis í lögum um leikskóla.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga hvað varðar að lágmarki 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Brýnt er að viðhaldi innanhúss sé sinnt.
- Skoða ætti útileiksvæði í samráði við starfsfólk með þarfir barnahópsins í huga.
- Bæta þarf umferðaröryggi í nágrenni leikskólans.
- Gera þarf stefnu og áherslur leikskólans skýrari og kynna fyrir foreldrum.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð Undralands og gera þau sýnilegri í leikskólanum.

Stjórnun

Stjórnskipulag og skipurit

Rekstraraðili Undralands er Hveragerðisbær en Sveitafélagið Ölfus hefur aðgang að leikskólaláttum samkvæmt samningi.⁵ Bæjarstjóri Hveragerðis er næsti yfirmaður leikskólastjóra. Allir forstöðumenn bæjarins funda reglulega og stjórnar bæjarstjóri þeim fundum. Fræðslunefnd starfar í umboði bæjarstjórnar. Leikskólastjóri situr fræðslunefndarfundi sex sinnum á ári þar sem formaður fræðslunefndar stjórnar fundum. Hveragerðisbær hefur sett sér skólastefnu sem gildir um allt skólastarf í bæjarfélaginu. Stefnan er afrakstur samvinnu bæjarbúa, nemenda og starfsfólks skólanna í Hveragerði.⁶ Í rýnivíðtölum kannaðist leikskólastjóri við skólastefnuna og sagði hana nýtilkomna en annað starfsfólk þekkti hana ekki. Skólaþjónusta Árneshöfna sinnir ráðgjöf til leikskólans. Leikskólastjórar í Árneshöfna hittast á samráðsfundum á sex vikna fresti undir stjórn teymisstjóra og kennsluráðgjafa skólaþjónustu Árneshöfna. Í símaviðtali við staðgengil bæjarstjóra kom fram að leikskólastjóri sé mjög jákvæður og sanngjarn í samskiptum. Hann passar vel upp á fjármál leikskólans og hefur haldgóðar skýringar ef hann fer fram úr í einhverjum lið.

Námskrá og áætlanir

Skólanámskrá Undralands var síðast útgefin árið 2016 en hefur ekki verið endurskoðuð eftir að leikskólinn flutti í nýtt húsnæði og deildum fjölgaði. Í rýnivíðtölum við kennara, starfsfólk og foreldra kom fram að þátttakendur þekktu ekki skólanámskrána. Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að huga að aðkomu allra í leikskólasamfélaginu og að hún sé unnin í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla 2011 og skólastefnu Hveragerðisbæjar. Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndafræði og stefnu leikskólans og hvernig Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna birtist í starfinu. Skólanámskrá er ekki birt á heimasíðu leikskólans.

Starfsáætlun og skóladagatal fyrir yfirstandandi skólaár er til staðar og er skóladagtal aðgengilegt á heimasíðu leikskólans en ekki starfsáætlun. Starfsáætlun uppfyllir ekki að öllu leyti áherslur sem fram koma í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 svo sem aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að gerð hennar. Starfsmannahandbók hefur verið unnin og er aðgengileg starfsfólki í lokuðum starfsmannahóp á netinu.

Aðrar áætlanir sem leikskólinn hefur sett sér eru: aðgerðabundin jafnréttisáætlun, áætlun um aðlögun nýrra barna, eineltisáætlun, jafnréttisáætlun, móttaka nemenda með erlendan bakgrunn, rýmingaráætlun og áfallaáætlun. Á vettvangi sáu matsaðilar að rýmingaráætlun var ekki sýnileg á veggjum leikskólans.

Stjórnun og starfsmenn

Stjórnendateymi Undralands mynda leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sex deildarstjórar. Fundir í stjórnendateymi eru haldnir vikulega þar sem fram fara umræður um skipulag, stefnumótun og ákvarðanir teknar er varða starf leikskólans. Fundargerðir eru ritaðar og sendar inn á deildir og ber aðstoðarleikskólastjóri ábyrgð á því. Einu sinni í mánuði er haldinn fagfundur í stað stjórnendateymisfundar og þá mæta allir fagmenntaðir starfsmenn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipuleggja og samhæfa störf starfsfólks en deildarstjórar bera ábyrgð á og skipuleggja uppeldis- og menntastarfið á deildum, þar með talið undirbúningstíma deildarinnar. Fram kom í rýnihópi deildarstjóra að með góðu skipulagi ásamt því að nýta tíma hér og þar í skipulaginu náist undirbúningstímarnir. Allt starfsfólk sem ekki á samningsbundinn undirbúningstíma fær einhvern slíkan tíma. Verkaskipting milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra er ekki til skrifleg né sýnileg starfsfólki en það er meðvitað um hvert skuli leita.⁷ Starfsfólk tilkynnir forföll til stjórnenda sem taka stöðuna í starfsmannahaldi að morgni og skrá á upplýsingatöflu í kaffistofu starfsfólks þar sem deildarstjórar sækja upplýsingarnar og skipuleggja sína deild út frá því. Þá hafa deildarstjórar í hvorri álmu samráðs-

5 Heimasíða Undralands.

6 Heimasíða Hveragerðis.

7 Rýnivíðtöl leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og rýnihóp deildarstjóra.

fundi vikulega og nýta hluta af undirbúningstíma til þess. Deildarfundir eru vikulega en falla niður ef mannekla er. Þar er fjallað um skipulagsmál deildarinnar, börnin og skilaboðum komið áleiðis. Fundargerðir eru skráðar í stílabók sem allir eiga að lesa. Áætlun um skipulagsdaga og starfsmannfundi er sett upp fyrir starfsárið og birtist í skóladagatali leikskólans. Send er út dagskrá en ekki eru formlegar fundargerðir aðgengilegar starfsfólki. Skipulagsdagar eru fimm á ári og starfsmannafundir fjórir. Reynt er að koma því við að skipulagsdagar og starfsmannfundir séu til skiptis, mánaðarlega.⁸ Fram kom í rýnihópi starfsfólks ánægja með upplýsingastreymið í leikskólanum.

Við ráðningu nýs starfsfólks er fylgt lögum nr.95/2019 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Við undirritun ráðningarsamnings er skrifað undir ákvæði um trúnað og þagnarskyldu og leyfi veitt til að skoða sakaskrá. Í starfsmannhandbók sem er nýlega yfirfarin og er staðsett á rafrænu tölvudrifi leikskólans, koma fram greinargóðar upplýsingar um starfsemi leikskólans og er ætlað að vera leiðsögn fyrir nýtt starfsfólk. Skipurit er til fyrir leikskólann og má finna í starfsmannahandbók ásamt greinargóðum starfslýsingum. Í starfsmannahandbókinni er móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.

Í rýnivíðtölum við kennara og starfsfólk kom fram að bæta megi verkferla og móttöku nýs starfsfólks en oftast er ekki sé nýliðum dembt út í djúpu laugina án handleiðslu vegna skorts á starfsfólki. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta með sér starfspróunarsamtölum við starfsfólk að vori. Símenntun starfsfólks er rædd í starfspróunarsamtölum og stjórnandi skráir hjá sér niðurstöður. Skipulagsdagar og starfsmannafundir eru nýttir fyrir fræðslu og símenntun.⁹ Í rýnivíðtölum sögðu kennarar og starfsfólk að það sé hvatt til að sækja sér símenntun og fari í starfspróunarsamtöl árlega. Í rýnihópi deildarstjóra komu hugleiðingar um hvort ekki væri æskilegt við sumarleyfislokun, að loka á hádegi lokunardags svo starfsfólk fái tíma til frágangs og opna á hádegi opnunardags. Rökin eru að starfsfólk er að mæta á sama tíma og börnin og ekki sé gert ráð fyrir tíma til undirbúnings á móttöku barna og foreldra eftir frí.

Fagleg forysta

Leikskólastjóri segist í viðtali vera persónulegur, opinn og líflegur í samskiptum og að starfsfólk hafi gott aðgengi að sér. Hann segist leggja áherslu á samvinnu starfsfólks og forðast að vera einráður eða sitja í hásæti og reyni alltaf að sjá góðu hliðarnar á öllum. Í viðtali kemur fram að hann beri allar ákvarðanir undir aðra stjórnendur leikskólans og leiti eftir skoðunum annarra. Hann fari mikið inn á deildir og þá til að fylgjast með en mætti gera meira af því að veita endurgjöf. Leikskólastjóri segir að sér líði vel í vinnunni en í vetur hafi verkefni orðið yfirþyrmandi og þá hafi sum verið sett í bið og nú sé komið að því að vinna þau. Honum finnst starf sitt metið af starfsfólki og foreldrum leikskólans en of mikill tími fari í redding á kostnað samveru með börnunum. Aðstoðarleikskólastjóri segist í viðtali eiga auðvelt með samskipti, vera ígrundaður og góður hlustandi með góða yfirsýn. Hann segist fara mikið inn á deildir, oftast í afleysingar og veiti þá endurgjöf og handleiðslu.

Í rýnivíðtölum kennara og starfsfólks var mikill samhljómur og ánægja með stjórnun leikskólans. Þar kom fram að stjórnendur séu aðgengilegir og komi mikið inn á deildir bæði í afleysingar og að fylgjast með starfinu, þeir séu duglegir að láta vita hvernig þeim finnst ganga og hrósa fyrir það sem vel er gert. Unnið er markvisst að því að starfsandi sé góður. Foreldrar segja í viðtali að samskipti við leikskólastjóra séu mjög jákvæð, hann sé sýnilegur og alltaf tiltækur í spjall. Í rýnivíðtali við börnin gátu þau ekki nefnt leikskólastjórnann með nafni.

Starfsandi og starfsánægja

Í viðtölum og rýnihópum stjórnenda, kennara og annars starfsfólks kom fram að skólabragur og starfsandi í leikskólanum væri mjög góður. Í því samhengi var meðal annars nefnt að einkennandi fyrir starfsandann væri traust, samheldni og sterk heild. Fólk leitar eftir aðstoð hvert til annars og miðlar þekkingu sín á milli og auðvelt er að fá stuðning. Mikill metnaður er í hópnum sem birtist í umhyggju bæði fyrir börnunum og samstarfsfólki, allir séu að vanda sig og vilji bæta sig í starfi. Starfsfólk hrósi

8 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

9 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

hvert öðru og fái hrós frá stjórnendum og foreldrum og líðan í starfi sé góð. Hlustað er á raddir starfsfólks og það hvatt til að hafa frumkvæði og prófa nýjungar. Starfsfólk er lausnamiðað og hjálpast að. Foreldrar upplifa jákvæðan anda, gleði, léttleika og jákvætt viðmót í leikskólanum.¹⁰ Til að viðhalda góðum starfsanda er starfandi starfsmannafélag og skemmtinefnd. Deildarnar skiptast á að koma með veitingar í kaffistofuna mánaðarlega og verið er að undirbúa námsferð erlendis, jólakvöld, óvissuferð að vori, páskabingó og allskonar óvænta viðburði.

Styrkleikar

- Bæjarfélagið hefur sett fram skólastefnu.
- Starfsmannahandbók er til og aðgengileg starfsfólki.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Undirbúningstímar falla sjaldan niður.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Starfsfólk er metnaðarfullt og líður vel í vinnunni.
- Stjórnendateymis- og deildarfundir eru vikulega.
- Ánægja er með upplýsingastreymi í leikskólanum.
- Ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Starfsmannafélag er starfandi við leikskólann.

Tækifæri til umbóta

- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndafræði og stefnu leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við skólastefnu Hveragerðis.
- Gera skólanámskrá og starfsáætlun aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Kynna þarf skólastefnu Hveragerðis fyrir kennurum, öðru starfsfólki og foreldrum.
- Gera þarf rýmingaráætlun sýnilegri og aðgengilegri á deildum.
- Vinna ætti starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Verkaskiptingu milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ætti að gera skriflega og kynna fyrir starfsfólki.
- Rita ætti fundargerðir á skipulagdögum og starfsmannafundum og hafa aðgengilegar starfsfólki.

10 Rýnihópur foreldra.

Uppeldis- og menntastarf

Námsaðstæður

Húsnæðið skiptist í yngri og eldri hluta með þremur deildum í hvorum enda hússins. Í sameiginlegu rými eru tvær listastofur en búið er að breyta annarri í fjölnota herbergi sem notað er meðal annars undir hlutverkaleik og svæði fyrir einingakubba. Einnig er fjölnota salur og er hann vel búinn tækjum og öðum búnaði til hreyfipjálfunar. Eitt herbergi er áætlað til einstaklingspjálfunar. Bókasafn og spil eru í sameiginlegu rými leikskólans. Skipulag húsnæðis gerir ráð fyrir fjölbreyttum leikaðstæðum. Hver deild hefur eina stóra heimastofu og tvær minni stofur inn af þeim. Yngsta deildin hefur skipt stóru stofunni í tvær minni. Salerni er inn af heimastofu. Á deildum er gert ráð fyrir að börnin geti verið í litlum hópum í lokuðu rými. Allar deildir eru með svipaðan búnað, í heimastofum eru borð og stólar en misjafnt er eftir deildum hvar sófi, skúffueiningar, þar sem hvert barn á sína skúffu, og hilluskápur fyrir geymslukassa eru staðsett. Teppamottur eru á gólfum til að afmarka svæði og draga úr hávaða. Í innri stofum eru felliborð sem notuð eru í matmálistímum. Gott gólfpláss er til gólfleikja en jafnræðis er gætt á milli borð- og gólfleikja. Hver deild hefur vagn með búnaði til listsköpunar en listsköpun fer að mestu fram inni á deildum og á vettvangi sáu matsmenn listastofuna ekki nýtt. Holukubbar eru í salnum og einingakubbar eru til. Í hvorum enda hússins er geymsla þar sem geymd eru leik- og kennslugögn og starfsfólk sækir efnivið þangað eftir þörfum. Á öllum deildum eru leik- og námsgögn geymd í lokuðum kössum, skúffum eða lokuðum skápum og eru því ekki sýnileg eða aðgengileg börnunum. Eldri börnin vita um leikfangageymsluna en hafa ekki frjálst aðgengi að henni nema að hluta til en geta beðið um efnivið sem er þar. Aðgengi barnanna að bókum er misjafnt og fer eftir deildum. Á sumum deildum eru bækur geymdar hátt uppi og eru ekki sýnilegar og börnin ná ekki í þær. Bækur á eldri deildum eru aðgengilegri börnunum. Á öllum deildum eru myndaspjöld með Lubba stafrófi sýnileg í umhverfinu ásamt tölustöfum og talnagildi. Fram kom í rýnihópum að ekki hefur farið fram umræða um stefnu leikskólans varðandi leikföng og önnur námsgögn. Leikföng eru mörg úr sér gengin og mikið er af alls konar plast leikföngum og öðrum endurnýjanlegum efnivið sem foreldrar hafa gefið leikskólanum.

Samkvæmt dagskipulagi skiptist dagurinn á milli frjálsra leikja, hópastarfs, vals og útivistar. Dagskipulagið er ekki samræmt fyrir allt húsið heldur gerir hver deildarstjóri dagskipulag fyrir sína deild og aðlagar það barnahópnum hverju sinni. Í rýnihópi deildarstjóra kom fram að dagskipulagi hafi verið breytt nokkrum sinnum yfir skólaárið eftir þörfum barnahópsins og starfsins. Á vettvangi sáu matsaðilar að sjálfstæði deildanna var mikið.

Starfshættir

Í starfsáætlun 2021–2022 segir að hugmyndafræði John Dewey sé grunnurinn að innra starfi leikskólans og að börnin öðlist reynslu og þekkingu í gegnum virkni sína. Í rýnihópum kom fram að aðaláhersla sé á leik barna og að börnin læri í leik. Eins og fram hefur komið er Undraland *Leikur að læra* skóli en það er ákveðin aðferð til að kenna börnum frá tveggja til tíu ára með leik, hreyfingu og skynjun á skipulagðan en um leið líflegan hátt. Aðferðin er kennarastýrð og er unnið með fyrir fram ákveðin markmið og stjórnar kennarinn innlögn viðfangsefnisins. *Leikur að læra* er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og til að upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri. Auðvelt er að aðlaga kennsluna að ólíkum þörfum einstaklinga með líkamlega, andlega og félagslega vellíðan barna að leiðarljósi.

Félags- og tilfinningafærni barna er eflað með *Vináttuverkefninu Blæ* en hugmyndafræði þess endurspeglast í eftirtöldum gildum: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Misjafnt var eftir deildum hversu sýnilegt verkefnið er. Á sumum deildum voru Blær bangsarnir aðgengilegir börnunum en á öðrum deildum voru þeir ekki sýnilegir.

Lubbi finnur málbein er ein af leiðum leikskólans í vinnu með málþroska og eru myndaspjöld með Lubbastafrófinu sýnileg á öllum deildum. Hvert máhljóð er tengt við bókstafi og hverju máhljóði fylgir ákveðið lag, stutt saga og hreyfitákn. Einnig mátti sjá efnivið sem er vísir að *Könnunarleik* á yngstu deildunum.¹¹

11 Starfsáætlun Undralands 2021–2022.

Matsaðilar sáu að mikil áhersla er lögð á *Leikur að læra* verkefnið og gat starfsfólk, foreldrar og börn bent á það. Aftur á móti var ekki eins sýnileg vinnan með *Vináttuverkefnið Blæ, Lubbi finnur málbein* og *Könnunarleik* á vettvangi.

Deildarstjórar leiða uppeldis- og menntastarf á deildum, leiðbeina ófaglærðu starfsfólki og skipuleggja dreifingu þess á vinnusvæði. Í samskiptum starfsfólks við börnin er lögð áhersla á umhyggju, virðingu, jákvæðni og að hlusta á börnin. Á vettvangi mátti sjá að starfsfólk var nálægt börnunum við leik, þeir beygðu sig niður til barnanna til að ná augnsambandi við þau. Einnig sat starfsfólk við borð og á gólfinu til að fylgjast með og taka þátt í leik barnanna. Sjá mátti virka hlustun hjá flestu starfsfólki á vettvangi, það sýndi leik barnanna áhuga, leiðbeindi þeim, spjallaði við þau og hvatti þau áfram. Í fataklefa mátti sjá hvernig börnunum er gefið tækifæri og tími til sjálfshjálpar og þjálfunar við að klæða sig úr og í fötin. Í rýnihópum kom fram að gott samstarf er á milli deilda og að gott sé að leita til samstarfsfólks um hugmyndir og ráð. Fram kom bæði í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks að það fái tækifæri til að sýna frumkvæði og bera ábyrgð.

Samræmt verklag með hvaða hætti er tekið á erfiðri hegðun barna er ekki að finna né heldur stefnu í þeim málum. Þó kom fram hjá starfsfólki að *vináttuverkefnið Blær* komi inn á það og að hægt væri að nota verkferla úr því. Á sumum deildum var myndaspjald með *Bínu reglum* uppi á vegg. Í rýnihópum kom fram að ekki er verið að nota þær markvisst. Einu sinni í mánuði er *flæði* en þá mega börnin fara frjálst um allt húsið og leika sér.

Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna

Í leikskólanum er ekki unnið markvisst með lýðræðislega þátttöku barnanna. Helst má sjá lýðræðislega þátttöku barnanna í vali. Valið er með tvenns konar hætti annar vegar þar sem börnin hafa val um ákveðin viðfangsefni sem starfsfólk er búið að ákveða. Hins vegar þar sem börnin mega velja sér viðfangsefni sjálf og fara þá jafnvel í leikfangageymsluna til að sækja sér viðfangsefni. Í rýnihópum kom fram að börnin megi skipta um viðfangsefni en að gæta þurfi að því að þau dvelji ákveðinn tíma á hverju svæði. Börnin hafa ekki mikil áhrif á hópastarf þar sem stundirnar eru ákveðnar fyrir fram. Fram kom að stundum eru börnin höfð með í ráðum og spurð hvað þau vilji gera. Börnin nefna að deildarstjóri ráði hvaða dót þau mega leika með en stundum fái þau að ráða. Jafnframt sögðust þau mega skipta um viðfangsefni í vali. Í rýnihópum deildarstjóra og starfsfólks kom fram að ákveðnar óskráðar reglur eru í leikskólanum sem farið er eftir. Oft fær starfsfólk góða hugmynd sem tekin er upp. Börnin eru ekki þátttakendur í að búa til reglur nema elstu börnin sem búa til einstaka deildarreglur varðandi umgengi. Börnin segjast ekki fá að ráða hvað þau borða í leikskólanum en fram kom að áður en farið var að elda fyrir tvo leikskóla voru börnin spurð hvað þau vildu í matinn og gátu því komið með tillögur að mat á matseðli. Á vettvangi sáu matsmenn að í matartímum skömmtuðu börnin sér sjálf á diskana eftir aldri og þroska og notuðu hnífapör.

Námssvið

Í skólanámskrá Undralands er fjallað um hvernig unnið er að grunnþáttum menntunar og námsviðum leikskólans og námsviðum aðalnámskrár: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu.

Unnið með læsi í gegnum daglega samveru, lestur og spjall í samverustundum. Börnin eru hvött til frásagna og samræðna við hinar ýmsu athafnir daglegs starfs svo sem við matarborðið, í samverustundum og í fataklefa. Í hópastarfi er unnið með *Lubbi finnur málbein*. Ritmál er lítið sýnilegt á leiksvæði barnanna og lítið er um merkingar með orðum í umhverfinu. Tölustafir eru sýnilegir á öllum deildum. Aðgengi barna að bókum er misjafnt eftir deildum en til er gott bókasafn. Hvorki bæjarfélagið né leikskólinn hefur gert sér læsisstefnu.

Öll börn fara einu sinni í viku í sal í sérstaka hreyfistund þar sem unnið með verkefnið *Leikur að læra*. Auk þessa hafa deildirnar frjálsan tíma fyrir börnin í salnum. Útivist er að lágmarki einu sinni á dag. Sérstakt skipulag er ekki til fyrir vettvangsferðir en aðeins á einni deild voru vettvangsferðir á dagskipulagi. Leikskólinn á vagna og kerrur fyrir yngstu börnin til að nota í þessum ferðum. Á öllum deildum er

aðstaða fyrir börnin til að hvíla sig og eftir hádegismat fara börnin í hvíld eftir aldri og þörfum. Velliðan barna er studd með sérstökum félagslegum tengslum, jákvæðum samskiptum og umhyggju.

Í rýnivíðtölum og á vettvangi kom fram að lítið er unnið með umhverfismennt og sjálfbærni. Sorp er flokkað inni á deildum og starfsfólk sagðist týna rusl í vettvangsferðum. Jafnframt talaði starfsfólk um að í vettvangsferðum tæki það stundum stækkunargler með og annað áhugavert sem nota má til vísindastarfa. Á einni deild voru börnin að rækta sumarblóm inni á deild og á útisvæði er góð aðstaða til ræktunar. Einingakubbar eru til og eru þeir í sameiginlegu rými.

Sköpun barna birtist í frjálsa leiknum þar sem þau hafa frjálst val um verkefni. Blöð og litir eru á öllum deildum en eru ekki sýnileg eða aðgengileg börnunum. Listsköpun fer að mestu fram inni á deildum en hver deild hefur sinn vagn með efniviði til sköpunar. Eins og áður hefur komið fram eru tvær listastofur í leikskólanum en búið er að taka aðra undir hlutverkaleik og hin er lítið notuð. Í rýnihópum kom fram að ekki er nein sérstök stefna í vinnu með sköpun og fer það eftir starfsfólki hvar og hvenær hún fer fram. Myndverk og annað skapandi starf barnanna er ekki sýnilegt. Söngstund í sal er einu sinni í mánuði og skiptast deildirnar á að stjórna þeim. Viku fyrir söngstund er ákveðið hvaða lög eigi að syngja og er búið að æfa lögina á öllum deildum þegar kemur að söngstundinni. Matsaðilar sáu að til eru hljóðfæri í leikskólanum.

Velferð og líðan barna

Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og gott og einkennist af gagnkvæmri virðingu, skilningi og trausti á milli aðila. Eitt af markmiðum leikskólans er að börnin finni öryggi, stöðugleika og traust í öllum samskiptum ásamt því að barninu líði vel í skólaumhverfinu og öðlist sterka sjálfsmynd.¹² Starfsfólk leitast við að sinna börnunum einstaklingslega og stuðla að því að allir eigi sinn rétt í barnahópnum. Á vettvangi sáu matsaðilar sjálfstæð, starfssöm og glöð börn. Einnig sást að starfsfólk átti uppbyggileg samskipti við þau. Í rýnihópi barna kom fram að þeim líður vel í leikskólanum og ef einhver stríðir þeim þá segja þau „stopp eða hættu“. Einnig sögðu þau að ef einhverjum líði illa þá huggi starfsfólk þau. Í rýnihópi foreldra og starfsfólks kom fram að þau telja að börnunum líði vel í leikskólanum og þau séu ánægð að koma á morgnana. Áherslur leikskólans eru að nota ég skilaboð og að samskiptin við börnin séu jákvæð og gefi þeim jákvæðar leiðbeiningar en forðast að nota orðið „ekki“. Einnig kom fram að starfsmannafundir eru notaðir til að ræða þessar áherslur leikskólans í samskiptum við börnin.¹³

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi er unnið með skipulögðum hætti. Reglulega er fyllt út í *TRAS*-lista en hann er notaður til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna og skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska. Að hausti er *Hljóm-2* próf lagt fyrir öll elstu börn leikskólans. *Hljóm-2* er greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund barna. Deildarstjórar bera ábyrgð á að *Tras* sé framkvæmt en aðstoðarleikskólastjóri sér um fyrirlögn *Hljóm-2*. *Orðaskil* er notað fyrir öll börn en það er málþroskapróf sem byggir á orðaförða gátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálf til þriggja ára. Foreldrar og starfsfólk meta málþroska barnanna og fylla út gátlista. Í rýnihópum kom fram að umræða er um að hætta að skima öll börn með orðalistanum heldur aðeins ef grunur vaknar um þroskafrávik.¹⁴ *Efi-2* er notað þegar það á við en það er skimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári. Íslenski þroskalistinn og íslenski smábarnalistinn er notaður þegar það á við, einnig AEPS gátlisti. Til er gátlisti sem leikskólakennarar hafa tekið saman og er hann notaður fyrir foreldrasamtöl. Allt starfsfólk deildarinnar tekur þátt í að fylla hann út. Foreldrar taka ekki beinan þátt í að meta nám og framfarir barnanna en þeir fá upplýsingar um stöðu barnsins í foreldrasamtölunum einu sinni á ári og í þeim samtölum hafa foreldrar tækifæri til að koma fram með sína upplifun á stöðu barnsins. Í rýnihópi foreldra kom fram að foreldrar telji sig fá reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins. Gott samstarf er á milli leikskólans og heilsugæslunnar.

12 Starfsáætlun Undralands 2021-2022.

13 Rýnihópar deildarstjóra og starfsfólks.

14 Rýnivíðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra og rýnihópur deildarstjóra.

Styrkleikar

- Gætt er jafnvægis milli borð- og gólfleikja.
- Umhyggja og uppbygging er einkennandi fyrir samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Mikil áhersla er lögð á hreyfingu í verkefninu *Leikur að læra*.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að fram fari umræða um stefnu leikskólans í vali á námsgögnum, leikföngum og viðfangsefnum.
- Huga þarf að aðgengi barnanna að námsgögnum þar með talið bókum.
- Huga þarf að því að gera ritmál sýnilegra svo sem með sýnilegum merkingum fyrir börnin.
- Gera þarf læsisstefnu fyrir leikskólann.
- Samhliða vinnu við endurskoðun skólanámskrár ætti að fara fram umræða um námsviðin og gera betur grein fyrir þeim.
- Gera þarf stefnu um listsköpun í starfi með börnunum.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Pátttaka foreldra og upplýsingamiðlun

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og í því sitja þrír fulltrúar foreldra. Í haust óskaði leikskólastjóri eftir framboði foreldra í foreldraráðið og gáfu þrír foreldrar kost á sér. Foreldraráðið hefur ekki sett sér vinnureglur eða starfsáætlun. Fundir eru ekki haldnir en samskiptin fara fram í gegnum tölvupóst og fundargerðir eru ekki til staðar. Foreldraráð kemur ekki að gerð starfsáætlunar eða skólanámskrár en könnuðust við að hafa séð skóladagatalið. Foreldrar í rýnihópi vissu ekki um foreldraráð eða hverjir væru í því.

Foreldrafélag er starfandi og er það sameiginlegt með leikskólanum Óskalandi sem er einnig í Hveragerði. Þrír fulltrúar eru frá hvorum skóla og að auki einn fulltrúi frá starfsfólki leikskólanna. Foreldrafélagið er virkt í samstarfi við leikskólana. Það býður meðal annars upp á leiksýningar, sumarhátíð, bókagjöf frá jólasveininum, tekur þátt í kostnaði vegna útskriftarferðar elstu barnanna og stendur fyrir hópmyndatökum af börnunum á hverju ári. Á aðalfundi að hausti er kosið í stjórn foreldrafélagsins en jafnframt er fyrirlestur fyrir foreldra um málefni sem snúa að börnum á þessum fundi. Í rýnihópum kom fram að starfsfólki finnst foreldrafélagið vera stuðningur við leikskólann. Foreldrafélagið er með Facebook-síðu.

Til er foreldrahandbók sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu barnsins og er hún einnig á heimasíðu leikskólans. Deildarstjórar taka fyrsta viðtal við foreldra þegar þeir byrja með barnið. Fram kom í rýnihópi foreldra að síðasta vor bauð leikskólinn upp á kynningarfund fyrir nýja foreldra og voru þeir ánægðir með framtakið. Þátttökuaðlögun er í leikskólanum og fylgja foreldrar þá börnunum sínum í fjóra daga. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og taka deildarstjórar þau. Jafnframt kom fram að foreldrar geta óskað eftir viðtali hvenær sem er.

Leikskólinn er með *Facebook* síðu þar sem settar eru inn upplýsingar og áminningar til foreldra. Einnig eru þar hópmyndir af börnunum. *Karellen* er notað en erfiðlega hefur gengið að fá foreldra til að nota það.⁵ Deildarstjórar senda tölvupósta til foreldra en ekki er samræmt milli deilda hve oft hann er sendur. Leikskólastjóri sendir fréttabréf reglulega til foreldra. Upplýsingatöflur eru við hverja deild þar sem skráðar eru upplýsingar daglega. Reynt er að ná til foreldra með annað tungumál en íslensku á sem fjölbreyttastan hátt. Pólskumælandi starfsmaður upplýsir pólsku foreldrana og gerðir eru orðalista fyrir nýja erlenda foreldra. Heimasíða leikskólans er ekki virk og lítið er af hagnýtum upplýsingum þar og engar á öðru tungumáli en íslensku.

Viðhorf foreldra

Í rýnihópi foreldra kom fram að viðhorf foreldra til leikskólans er gott. Þeir eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og starfsfólk. Þeir telja að virðing og þolinmæði einkenni uppeldisstarfið en jafnframt kom fram að það væri mismunandi eftir deildum. Samskipti foreldra við starfsfólk eru mjög góð, það er hlustað á þá, viðhorf er jákvætt og þeir telja að leikskólinn sé góður vinnustaður. Foreldrar segja að það sé tekið glaðlega á móti börnunum og þeim er hrósað á uppbyggilegan hátt. Þeir telja að börnin fái verkefni við hæfi og að þau hafi oft val um verkefni og þá telja þeir að reynt sé að koma til móts við óskir barnanna. Fram kom að foreldrum finnst að það mættu vera tvö foreldrasamtöl á ári og að brugðist væri seint við óskum um auka foreldrasamtal. Þá kom einnig fram að foreldrar óski eftir meiri upplýsingum frá deildunum um hvað er verið að gera og hvað er framundan. Jafnframt virðist vera mjög misjafnt eftir deildum hve miklar upplýsingar foreldrar fá. Foreldrakannanir eru ekki reglulega og könnuðust ekki allir foreldrar í rýnihópi við að hafa tekið þátt í þannig könnun. Leikskólastjóri gerir sjálfur kannanir og sú síðasta er frá árinu 2019.

15 Rýniviðtal við leikskólastjóra.

Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við Grunnskólann í Hveragerði. Markmið samstarfsins er að auðvelda barni að flytjast milli skólastiga og að samfella og stígandi skapist í námi og starfi barnsins.¹⁶ Í upphafi vetrar er gerð dagskrá fyrir heimsóknir leikskólabarnanna í grunnskólann en þær eru frá nóvember til maí. Áætlað er að leikskólabörnin komi einu sinni í mánuði í heimsókn. Á haustin er byrjað á heimsókn fyrsta bekkjar grunnskólanemenda í leikskólann. Skólastjóri grunnskólans tekur á móti leikskólabörnunum í fyrstu heimsókn þeirra en síðan eru þau að mestu inni í bekkjarstofunum. Í maí fara börnin í vettvangsferð í útikennslustofu en að lokum er vorskóli í grunnskólanum fyrir væntanlega nemendur. Kennarar fyrsta bekkjar grunnskólans og deildarstjórar elstu barna í leikskólum bæjarins hittast þrisvar sinnum yfir skólaárið. Upplýsingar um börnin fylgja þeim í grunnskólann og er það gert með samþykki og vitund foreldra.¹⁷ Í skólanámskrá kemur ekki fram hvaða gögn eða upplýsingar flytjast milli skólastiga. Sérkennslustjóri upplýsir grunnskólann um þau börn sem hafa skilgreind þroskafrávik. Á vorin hittast væntanlegir kennarar fyrsta bekkjar grunnskólans, deildarstjóri elstu deildar leikskólans og sérkennslustjóri en á þeim fundi fer fram upplýsingagjöf um verðandi grunnskólanemendur.

Annað samstarf

Farið er í bókasafnið öðru hvoru og bækur fengnar að láni. Í samstarfi við Brunavarnir Árnæssýslu er unnið með verkefnið Logi og Glóð og í tengslum við það heimsækja Brunavarnir Árnæssýslu leikskólann einu sinni á ári. Börnin taka þátt í jóladagatali bæjarins þar sem gluggar fyrirtækja eru skreyttir og opna þau jólaglugga. Einu sinni á ári kemur starfsmaður leikskólans með hesta í heimsókn og leyfir börnunum að fara á hestbak.

Styrkleikar

- Viðhorf foreldra til leikskólans er gott og þeir telja að börnunum líði vel í leikskólanum.
- Foreldrahandbók sem foreldrar fá þegar barn byrjar í leikskóla er til og finna má handbókina á heimasíðu leikskólans.
- Gott samstarf er við grunnskólann og til er skrifleg áætlun um samstarf leik- og grunnskóla.

Tækifæri til umbóta

- Foreldraráð þarf að setja sér verklagsreglur, boða fundi með dagskrá, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Samræma ætti milli deilda hversu oft er sendur tölvupóstur með upplýsingum um deildarstarf til foreldra.
- Huga ætti að ábendingum foreldra um tvö foreldrasamtöl á ári.
- Hagnýtar upplýsingar sem og aðrar upplýsingar um leikskólann ættu að vera á heimasíðu og aðgengilegar á fleiri tungumálum.

16 Skólanámskrá Undralands.

17 Skólanámskrá Undralands. Rýnihópur deildarstjóra og rýniviðtal við sérkennslustjóra.

Skóli án aðgreiningar

Skólaþjónusta og sérkennsla

Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslumálum, upplýsir starfsfólk og gerir einstaklingsnámskrár, skipuleggur starfið ásamt deildarstjóra, veitir ráðgjöf og fylgir eftir að unnið sé samkvæmt einstaklingsnámskrám. Fjórir starfsmenn auk sérkennslustjóra sinna sérkennslu og stuðningi. Starfsfólk sérkennslu er jafnframt starfsfólk deilda og ásamt því og sérkennslustjóra sér deildarstjóri um daglega stjórnun og skipulag sérkennslunnar á sinni deild. Sérkennslustjóri er í stjórnendateymi leikskólans og situr stjórnendafundi. Hann situr einnig deildarfundum ef þess er óskað. Vakni grunur um þroskafrávik hjá barni hefur deildarstjóri eða foreldri samband við sérkennslustjóra. Deildarstjóri, foreldrar og sérkennslustjóri skoða hvernig hefur verið unnið með barnið og hver næstu skref eru. Gerð er einstaklingsnámskrá og ákveðinn er tímarammi til að vinna með hana. Ef þurfa þykir er send tilvísun til Skólaþjónustu Árneshvíls. Teymi er stofnað um barnið og teymisfundir eru á um það bil sex vikna fresti en einstaklingsnámskrá er endurmetin þrisvar á ári. Teymisfundina sitja sérkennslustjóri, deildarstjóri, sérkennslustarfsfólk sem sinnir barninu, foreldrar og sérfræðingar frá Skólaþjónustu Árneshvíls þegar við á. Sérkennslustjóri talaði um „hjärtabörn“ en það eru börn sem þurfa einhverja íhlutun en hafa ekki einstaklingsnámskrá. Í þessum tilfellum er þjónustuskráning, skjal þar sem skráð er daglega hvernig unnið hefur verið með barnið. Hjá Skólaþjónustu Árneshvíls starfar kennsluráðgjafi, félagsráðgjafi og sálfræðingar bæði í föstum stöðum og í verktöku. Talmeinafræðingur sem sinnir grunn- og leikskólum sveitafélagsins er fjórum sinnum á ári í leikskólanum einn mánuð í senn. Fyrsta undirbúningstímamann í hverjum mánuði á starfsmaður sérkennslu samráð með sérkennslustjóra, nokkurs konar handleiðslu. Samkvæmt upplýsingum frá sérkennslustjóra fundar hann með öllu starfsfólki sérkennslunnar. Fram kom í rýnihópum að sérkennslustjóri styður vel við sitt starfsfólk og fylgir vel eftir vinnu með börnum með sérþarfir. Einnig kom fram að gott sé að leita til hans.

Gott upplýsingastreymi er til alls starfsfólks varðandi börn með sérþarfir. Starfsfólk er upplýst á deildarfundum um þjálfunaráætlun barnsins og hvernig gengur. Ef þurfa þykir er allt starfsfólk leikskólans upplýst. Meginmarkmið leikskólans er að vinna sem mest með börn með sérþarfir inni á sinni deild og í daglegu starfi deildarinnar. Eitt herbergi er til staðar ef taka þarf barn út úr hóp til þjálfunar. Fram kom að á hverjum morgni þurfi að vera samráð um hvernig herbergið er nýtt yfir daginn. Einnig kom fram að starfsfólk sé lausnamiðað við að finna svæði til að vinna einstaklingslega með barn. Að mati starfsfólks barna með sérþarfir er leikskólinn vel búinn þjálfunargögnum og vel er brugðist við óskum um ný kennslugögn. Fram kom að starfsfólk er hvatt af stjórnendum til að leita sér upplýsinga og fræðslu um þroskafrávik.

Fastir samráðsfundir með kennsluráðgjafa frá Skólaþjónustu Árneshvíls, leikskólastjóra og sérkennslustjóra þar sem farið er yfir stöðuna í skólanum eru haldnir reglulega.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Foreldrahandbók er til á ensku. Við móttöku og aðlögun barna með annað móðurmál en íslensku er stuðst við sömu verkferla og í aðlögun nýrra barna. Notast er við túlkun þjónustu ef foreldrar tala ekki íslensku. Mikil áhersla er lögð á málrækt í öllu leikskólafinu og ef þurfa þykir er sérstaklega unnið með börn með annað móðurmál en íslensku.

Styrkleikar

- Til er myndaspjald sem sýnir verkferla sérkennslu í Undralandi.
- Vel er haldið utan um sérkennslu og starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við börn með sérþarfir.
- Sérkennslustjóri heldur vel utan um starfsfólk barna með sérþarfir og fundar reglulega með því bæði einstaklingslega og í hóp.

- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og skipað er teymi í kringum þau.
- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Skólaþjónustu Árnesþings er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Talmeinafræðingur starfar þriðja hvern mánuð í leikskólanum.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku ef þurfa þykir.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að hafa upplýsingar um með hvaða hætti er brugðist við ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni, aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Innra mat

Skipulag og viðfangsefni

Í starfsáætlun Undralands 2021-2022 er kafli um mat á skólastarfi. Þar kemur fram að samkvæmt 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skuli leikskóli meta árangur og gæði starfsins með kerfisbundnum hætti. Matsáætlun til þriggja ára fylgir starfsáætlun en þar kemur fram að foreldra- og starfsmanna-könnun sé lögð fyrir annað hvert ár. Þar er einnig fjallað um að meta skuli uppeldis- og kennsluhætti ásamt grunnþáttum menntunar með umræðuhópum og spurningalistum. Líðan og þarfir barna á að meta árlega með myndaspurningalistum.

Gagnaöflun og vinnubrögð

Matsteymi er ekki starfandi í leikskólanum og í rýnivíðtölum kemur fram að lítið er verið að vinna að innra mati. Starfsmanna- og deildarfundir eru notaðir til óformlegra samræðna um starfshætti, hver staðan er og hvað má betur fara. Deildarstjórar sögðust nota *Hljóm-2* fyrir elstu börnin og *Tras* fyrir öll börn en óljóst er með hvaða hætti unnið er með niðurstöður. Starfsfólk og foreldrar könnuðust ekki við að hafa tekið þátt í innra mati skólans. Leikskólastjóri hefur framkvæmt kannanir meðal foreldra og starfsmanna en óljóst er hvort niðurstöður séu notaðar í innra mat.

Opinber birting og umbætur

Niðurstöður úr könnunum, umbótaáætlunum og öðrum matsgögnum innra mats eru ekki birtar opinberlega né sýnilegar í gögnum leikskólans að undanskilinni foreldrakönnun frá árinu 2019.

Styrkleikar

- Matslistar eru notaðir til að meta framfarir hjá börnum.

Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats til dæmis með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Samantekt matsþátta

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og náms-aðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í starfi Leikskólanum Undralandi í Hveragerði: leikskólinn og umhverfi hans, stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mat á námi og velferð barna, skólabragur og samskipti, velferð og líðan barna, foreldrasamvinna og ytri tengsl, skóli án aðgreiningar og innra mat. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri liggja til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat sett fram á sama hátt.

Styrkleikar

- Húsnaði leikskólans uppfyllir skilyrði varðandi rými leikskólahúsnaðis í lögum um leikskóla.
- Bæjarfélagið hefur sett fram skólastefnu.
- Starfsmannahandbók er til og aðgengileg starfsfólki.
- Stjórnendateymi er starfandi við leikskólann.
- Starfsþróunarsamtöl eru árlega.
- Undirbúningstímar falla sjaldan niður.
- Allt starfsfólk fær undirbúningstíma.
- Skólabragur og starfsandi er góður.
- Starfsfólk er metnaðarfullt og líður vel í vinnunni.
- Stjórnendateymis- og deildarfundir eru vikulega.
- Ánægja er með upplýsingastreymi í leikskólanum.
- Ánægja er með stjórnun leikskólans.
- Starfsmannafélag er starfandi við leikskólann.
- Gætt er jafnvægis milli borð- og gólfleikja.
- Umhyggja og uppbygging er einkennandi fyrir samskipti starfsfólks við börnin og þau eru hvött til sjálfshjálpar í daglegum athöfnum.
- Mikil áhersla er lögð á hreyfingu í verkefninu *Leikur að læra*.
- Börnin eru glöð og þeim líður vel í leikskólanum.
- Skipulega er unnið að mati á námi og framförum barnanna.
- Viðhorf foreldra til leikskólans er gott og þeir telja að börnunum líði þar.
- Foreldrahandbók sem foreldrar fá þegar barn byrjar í leikskóla er til og finna má handbókina á heimasíðu leikskólans.
- Gott samstarf er við grunnskólann og til er skrifleg áætlun um samstarf leik- og grunnskóla.
- Til er myndaspjald sem sýnir verkferla sérkennslu í Undralandi.
- Vel er haldið utan um sérkennslu og starfsfólk fær upplýsingar og fræðslu í tengslum við börn með sérþarfir.
- Sérkennslustjóri heldur vel utan um starfsfólk barna með sérþarfir og fundar reglulega með því bæði einstaklingslega og í hóp.
- Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir börn með sérþarfir og skipað er teymi í kring um þau.

- Aðgengi að sérfræðingum á vegum Skólaþjónustu Árnesþings er gott og samráðsfundir eru haldnir reglulega.
- Talmeinafræðingur starfar þriðja hvern mánuð í leikskólanum.
- Jafnrétti og hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfinu.
- Unnið er sérstaklega að málörvun barna sem eru með annað móðurmál en íslensku ef þurfa þykir.
- Matslistar eru notaðir til að meta framfarir hjá börnum.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum svo leikskólinn uppfylli ákvæði laga hvað það varðar að lágmark 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda kennara.
- Brýnt er að viðhaldi innanhúss sé sinnt.
- Skoða ætti útileiksvæði í samráði við starfsfólk með þarfir barnahópsins í huga.
- Bæta þarf umferðaröryggi í nágrenni leikskólans.
- Gera þarf stefnu og áherslur leikskólans skýrari og kynna fyrir foreldrum.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð Undralands og gera þau sýnilegri í leikskólanum.
- Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá leikskóla frá 2011, með aðkomu kennara, annars starfsfólks, foreldra og barna.
- Samfara endurskoðun á skólanámskrá ætti að fara fram umræða um hugmyndafræði og stefnu leikskólans, hvernig vinna á að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tengsl við skóla-stefnu Hveragerðis.
- Gera skólanámskrá og starfsáætlun aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.
- Kynna þarf skólafundir Hveragerðis fyrir kennurum, öðru starfsfólki og foreldrum.
- Gera þarf rýmingaráætlun sýnilegri og aðgengilegri á deildum.
- Vinna ætti starfsáætlun í samvinnu við kennara, annað starfsfólk, foreldra og börn.
- Verkaskiptingu milli leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ætti að gera skriflega og kynna fyrir starfsfólki.
- Rita ætti fundargerðir á skipulagsdögum og starfsmannafundum og hafa aðgengilegar starfsfólki.
- Æskilegt er að fram fari umræða um stefnu leikskólans í vali á námsgögnum, leikföngum og viðfangsefnum.
- Huga þarf að aðgengi barnanna að námsgögnum þar með talið bókum.
- Huga þarf að því að gera ritmál sýnilegra svo sem með sýnilegum merkingum fyrir börnin.
- Gera þarf læsisstefnu fyrir leikskólann.
- Samhliða vinnu við endurskoðun skólanámskrár ætti að fara fram umræða um námsviðin og gera betur grein fyrir þeim.
- Gera þarf stefnu um listsköpun í starfi með börnunum.

- Foreldraráð þarf að gera sér verklagsreglur, boða fundi með dagskrá, skrá fundargerðir og hafa þær aðgengilegar svo sem á heimasíðu leikskólans.
- Samræma ætti milli deilda hversu oft er sendur tölvupóstur með upplýsingum um deildarstarf til foreldra.
- Huga ætti að ábendingum foreldra um tvö foreldrasamtöl á ári.
- Hagnýtar upplýsingar sem og aðrar upplýsingar um leikskólann ættu að vera á heimasíðu og aðgengilegar á fleiri tungumálum.
- Æskilegt er að hafa upplýsingar um með hvaða hætti er brugðist við ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni, aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.
- Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra.
- Gera þarf nákvæma matsáætlun fyrir skólaárið sem unnið er markvisst eftir. Fram þarf að koma hvaða þætti eigi að meta, hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig eigi að meta þá og hvenær, hvaða viðmið liggja til grundvallar og hver beri ábyrgð á matinu.
- Afla fjölbreyttra gagna frá öllum hagsmunahópum og gæta þess að allir hópar hafi aðkomu að skipulagningu matsins.
- Þegar niðurstöður liggja fyrir þarf að skrifa greinargerð um innra mat, þar sem dregnir eru fram helstu styrkleikar og helstu tækifæri til úrbóta.
- Gera nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem m.a. kemur fram til hvaða aðgerða á að grípa og hvenær, hvernig endurmat eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda umbótum í framkvæmd.

Lokaorð

Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í Leikskólanum Undralandi leiðir í ljós að þar fer fram gott leikskólastarf. Mikil ánægja er með stjórnun leikskólans af hálfu foreldra, kennara og annars starfsfólks. Vel er staðið að sérkennslumálum leikskólans. Á vettvangi mátti greina virðingu, umhyggju og uppbyggileg samskipti gagnvart börnunum og sjálfstæð og glöð börn. Starfs-
hópurinn er samheldinn og ríkir samhjálp, traust og virðing í hópnum. Tækifæri til umbóta felast í endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og skólastefnu Hveragerðisbæjar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samhliða þeirri vinnu ætti að taka upp umræðu um stefnu leikskólans og bæta vinnubrögð í innra mati skólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt á vef apríl 2022

Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>.

Foreldrahandbók 2020 aðgengileg á heimasíðu Undralands:

<https://undraland.hveragerdi.is/Skolastarfid/Foreldrahandbok>

Gögn frá leikskólastjóra.

Heimasíða Undralands: <https://undraland.hveragerdi.is/>

Heimasíða Hveragerðis: <https://www.hveragerdi.is/>

Leikskóladagatal 2021–2022.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Skólanámskrá Undralands.

Skólastefna Hveragerðis:

<https://www.hveragerdi.is/static/files/Stjornkerfi/Stefnur/skolastefna-hveragerdis.pdf>

Starfsáætlun Undralands 2021-2022.

Viðtöl:

Símtal við staðgengil bæjarstjóra.

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við rýnihóp barna.

Viðtal við rýnihóp deildarstjóra.

Viðtal við rýnihóp foreldra.

Viðtal við rýnihóp starfsfólks.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við starfsfólk sérkennslu.

